

6.11.2. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018 og 1278/2018  
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Sæluhús, veiðihús, fjallaskálar o.fl.

Í grein 6.11.2 í byggingarreglugerð segir:

„Sæluhús, fjallaskála, veiðihús, skíðaskála, leitarmannahús og björgunarskýli skal hanna þannig að byggingarnar falli sem best að umhverfi sínu hvað varðar útlit, efnisval, litaval o.fl. nema skipulagsskilmálar kveði á um annað.

Um öflun vatns og rotþrær gilda ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um fráveitur. Hreinlætisaðstaða að öðru leyti skal vera í samræmi við fyrirhugaða notkun.

Byggingar sem taldar eru upp í 1. mgr. skulu uppfylla kröfur þessarar reglugerðar í samræmi við áformaða notkun. Þær byggingar þar sem seld er gisting og/eða þar sem veitingasala fer fram skulu uppfylla kröfur þessarar reglugerðar til veitingastaða, hótela og gististaða eftir því sem við á.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

### Leiðbeiningar

- 1** Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir mannvirkjum skv. 2.3 kafla byggingarreglugerðar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og gæta skal meðal annars að ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og vegalaga nr. 80/2007.
- 2** 1. mgr. 6.11.2 gr.: Mikilvægt er að þær byggingar sem taldar eru upp hér að framan falli sem best að umhverfi sínu og taki tillit til landslags. Hvað litaval varðar skal það falla sem best að umhverfinu en þó er heimilt að björgunarskýli og þess háttar byggingar séu í áberandi litum svo þær verði sýnilegar í landslaginu.
  - 2.1** Jafnframt skal hafa í huga að:
    - a** Aðgengi skal vera fyrir alla og taka skal tillit til hreyfihamlaðra í byggingum og aðkomu að þeim þar sem það er mögulegt vegna landslags.
    - b** Byggingarnar skulu vera með salernisaðstöðu fyrir hreyfihamlaða og fara eftir byggingarreglugerð að öðru leyti hvað aðgengi varðar.

Sjá leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) nr. 6.2.2 Aðkomuleiðir og umferðarsvæði innan lóðar, 6.2.3 Algild hönnun aðkomu að byggingu og 6.2.4 Bílastæði hreyfihamlaðra.

**Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:**

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	12.10.2012
1.1	Lítillsháttar lagfæring	25.2.2013
1.2	Tilvísanir fjarlægðar	27.6.2018
1.3	Letur stækkað og tilvísanir fjarlægðar	14.8.2019
1.4	Tilvísanir fjarlægðar	13.11.2019
1.5	MVS breytt í HMS	6.2.2020
1.6	Yfirlit yfir breytingar	22.12.2020